



Hr. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra,
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu,
150 Reykjavík.

Dalabyggð, 18. maí 2005.


Á fundi sveitarstjórnar 10. þ.m. var eftirfarandi samþykkt:

„Með vísan til tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005 til 2008 leggur sveitarstjórn Dalabyggðar áherslu á að bætta samgöngur eru einn mikilvægasti þátturinn í vali manna á búsetu. Á undanföllum árum hefur sveitarstjórn unnið að ýmsum framfaramálum til að styrkja búsetu í sveitarfélaginu. Lögð hefur verið m.a. áhersla á uppbyggingu í ferðapjónustu, sem skilað hefur nokkrum árangri. Einn mikilvægur þáttur sem hefur áhrif á val ferðamannsins og búsetuskilyrði í sveitarfélaginu hefur sett nokkurn skugga á þessa uppbyggingu, en það eru vegamálin. **Aðeins um 25% vega í Dalasýslu** eru með bundnu slitlagi. Þrátt fyrir að vegir í Dalasýslu liggja til allra átta er Dalabyggð ekki vel í sveit sett þegar vegamál eru skoðuð. Margt hefur þó áunnist á undanföllum árum og það ber að þakka.

Sveitarstjórn Dalabyggðar leggur áherslu á eftirfarandi vegaframkvæmdir:

- Lögð er áhersla á að flýtt verði lagningu á bundnu slitlagi á veg um Svínadal. Bent er á mikla aukningu umferðar um Svínadal.
- Kannaðir verði flýtimöguleikar á öðrum veltengingum inn í héraðið, svo sem vegi um Skógarströnd og Laxárdalsheiði. Í þessu sambandi má benda á aukna þungaflutninga um þessa vegi.
- Lögð er áhersla á að uppbyggingu vegar frá Ásgarði að Staðarfelli (Klofningsvegur) verði flýtt eins og kostur er og hann lagður bundnu slitlagi. Þetta er gamall vegur sem þjónar mikilvægu hlutverki innan héraðs, þar má sérstaklega nefna daglegan skólaakstur og starfsemi S.Á.Á. að Staðarfelli.
- Þá leggur sveitarstjórn áherslu á sjö daga mokstur á Svínadal og aukinn snjómokstur innan héraðs þar sem fram fer daglegur skólaakstur innan sveitarfélagsins.
- Lögð er áhersla á að mikil slysaætta stafar af vegum með einbreiðu slitlagi og einbreiðum brúm. Til að draga úr slysaættu er mikilvægt að allir vegir, sem lagðir hafa verið einbreiðu slitlagi, verði lagðir tvíbreiðu slitlagi. Einnig verði þegar hafist handa við að breikka brýr á Laxá, Haukadalsá, Tunguá og Reykjadalásá.
- Lögð er áhersla á tengingu vegar við Vestfirði. Flýtt verði ákvörðun um framtíðarveg til Vestfjarða. Sveitarstjórn Dalabyggðar mælir með vegi um Arnkötuldal. Með vegi þar um væri Dalasýsla, Reykhólahreppur og Hólmavík orðið að einu atvinnu- og þjónustusvæði, sem leitt gæti til sameiningar sveitarfélaganna á þessu svæði í eitt sveitarfélag.“

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Haraldur L. Haraldsson,
sveitarstjóri.

Afrit sent þingmönnum kjördæmisins, Vegagerðinni, samgöngunefnd Alþingis og samgöngunefnd Vesturlands.